

# F U N D A R G E R Ð

Fundar stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness (FGS), sem fram fór þriðjudaginn 15. mars 2016, kl. 17:00-18:30, í Mýrarhúsaskóla.

**Mættir:** Svana M. Davíðsdóttir formaður (SMD), Sonja Bergmann (SB), Garðar Gíslason (GG), Hervör Pálsdóttir (HP), Ólafía Harðardóttir (ÓH) og Helga Sverrisdóttir (HS).

**Fjarverandi:** Katrín Magnúsdóttir (KM) og Davíð Scheving (DS).

**Fundarstjóri:** Svana Davíðsdóttir, formaður.

**Fundarritari:** Hervör Pálsdóttir.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

## 2. Erindi sem borist hafa foreldrafélaginu:

### 2.1. Skóladagatal Grunnskóla Seltjarnarness 2016-2017

Málið rætt. Athygli vekur langt tímabil frá áramótum fram að páskum án starfsdaga en aðeins einn starfsdagur er áætlaður á tímabilinu, eða þann 17. febrúar 2017 sem er ætlaður fyrir foreldra/nemendaviðtöl. Stjórn telur rétt að koma á framfæri athugasemd varðandi skóladagatalið á þá leið að þegar páskar komi seint í árinu eins og 2017 að tekið tillit til þess við röðun starfsdaga/skipulagsdaga þannig að fleiri dagar komi á milli. GG komi á framfæri bókun f.h. stjórnar FGS á nk. skólanefndarfundi.

### 2.2. Erindi vegna læsisverkefnis

Baldur fræðslustjóri kom á framfæri erindi við stjórn FGS. Þar kemur fram að um er að ræða er átak skólayfirvalda í læsimálum og fyrirhugað að hafa fræðslufundi fyrir foreldra. Erindið rætt. Viðleitni bæjarins góð. Í erindi Baldurs er spurt um álit stjórnar FGS á því hvenær dags sé hentugast að halda slíka fræðslufundi fyrir foreldra, að morgni / síðdegis / að kvöldi, til að sem flestir taki þátt. Að mati stjórnar FGS er best að haldnir séu 2 fundir, annar snemma dags en hinn síðdegis til að tryggja að sem flestir foreldrar geti nýtt sér fundina.

### 2.3. Málefni starfsmanna skólans

Framald frá síðasta fundi. SMD fer yfir málið á ný og atvik frá síðasta fundi. SMD sendi póst á Ólínu. Ólína staðfesti og sagði að þetta væri rétt, þ.e. umrædd tilvik hefðu komið upp. Í kjölfarið hefði verið farið í að tala við eftirlitsaðila og sú úttekt hafi komið mjög vel út. SMD mun fylgja málinu eftir.

### 2.4. Posar vs. peningar í sjoppunni í Való

SMD sendi póst á Ólínu og óskaði eftir því að þetta yrði skoðað, þ.e. að boðið væri upp á að greiða með peningum. Ólína ætlaði að skoða málið. SMD ítrekaði á skólaráðsfundi að hægt væri að koma á greiðslum með peningum. Málið enn í skoðun hjá Ólínu. Stjórn foreldrafélags mun fylgja eftir.

## 2.5. Sjálfsali fyrir gos og sælgæti í íþróttahúsinu

Grótta brást vel við, nammisjálfsali fjarlægður. Stjórn FGS mun fylgja eftir og fylgjast með þróun.

## 2.6. Erindi vegna tannverndarkynningar

Stjórn FGS fékk svar frá skólahjúkrunarfræðingi GS. Stjórn FGS telur þetta málefni skólans og telur rétt að það sé afgreitt af skólayfirvöldum/skólahjúkrunarfræðingi.

## 3. Bréf vegna Skjólsins/Frístundar

Stjórn FGS fékk boðun frá Capacent sem hafi verið falið að skoða málefni Skjólsins af hálfu bæjarins. SMD, GK og DS fóru á fund hjá Capacent og komu á framfæri sjónarmiðum stjórnar FGS. Capacent mun taka saman skýrslu og leggja fyrir bæinn. GG mun athuga á næsta skólanefndarfundi hver staðan á málinu er.

## 4. Fyrirlestrarröð um opið hús.

Málið rætt.

## 5. Fjórði fundur með starfshóp um jákvæð samskipti í mars

Málið var rætt á síðasta fundi. Rætt frekar núna um framkvæmd fundar með foreldrum. Gott að blanda börnum og unglungum í hópa. Efni spurninga rætt. Nöfn fagaðila rædd. Samþykkt að ræða við Pál Ólafsson. Tillögur að húsnæði ræddar. SB falið að halda utan um næstu skref.

## 6. Viðbrögð við svörum skólans um stöðu byrjendalæsismála

Frestað.

## 7. Sjálfsmatsskýrsla grunnskólans

Frestað.

## 8. Staða á innheimtu árgjalds

Staðan góð skv. ÓH. Sendar verða ítrekanir á þá sem ekki hafa greitt. SMD og ÓH fylgja eftir.

## 9. Vorhátíð – sirkus, hoppukastalar, fl.???

ÓH mun skoða áfram skemmtitæki og dagskrá. GK ætlar að aðstoða ÓH með skipulag og dagskrá.

## 10. Fundur um áfengis- og vímuvarnir

HS upplýsir að ekki hafi verið haldnir fundir eftir áramót. Foreldrarölt hefur ekki gengið vel. Það þarf betri miðstjórn frá Selinu til að þetta gangi.

## 11. Skólanefndarfundur

GG – ekkert sérstakt.

## 12. Skólaráðsfundur

SMD segir frá. Farið var yfir skólapúlsinn. Yfir heildina séð komum við út yfir meðallagi. Varðandi einelti værum við aðeins undir meðallagi. Stjórn FGS vill fá að sjá tölur varðandi 6-10. bekk. Stjórn foreldrafélagsins mun vera vakandi yfir þessu. Verkefni um jákvæð samskipti ætti einnig að vega upp á móti þessu. GS þarf að svara hvernig þeir ætli að bregðast við. Stjórn foreldrafélagsins mun skoða áfram og kalla eftir upplýsingum um viðbrögð GS við skýrslunni.

Sjálfsmatsskýrsla GS komin á heimasíðu. GG mun skoða hana og kynna.

SMD óskaði eftir upplýsingum um fjarvistir kennara, brottfall tíma.

## 13. Önnur mál

HP falið að skoða hvort bæjaryfirvöld ætla að fjarlægja dekkjakurl af fótboltavelli á skólalóð Mýrarhúsaskóla sem og Lindabrautarvelli í kjölfar yfirlýsingar um að skipt verði um gras og dekkjakurl fjarlægt af Vivaldivelli.

Ekki var ákveðinn tími fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 18:30.

